

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 108/2017**

2018/EES/37/05

frá 13. júní 2017

**um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/175 frá 25. janúar 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna gístiaðstöðu fyrir ferðamenn <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/176 frá 25. janúar 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna gólfefna úr viði, korki og bambus <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun (ESB) 2017/175 fellir niður ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2009/564/EB <sup>(3)</sup> og 2009/578/EB <sup>(4)</sup>, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn, og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 4) Ákvörðun (ESB) 2017/176 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB <sup>(5)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 5) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Viðauka XX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2m (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/578/EB):

„**32017 D 0175:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/175 frá 25. janúar 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna gístiaðstöðu fyrir ferðamenn (Stjútíð. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 9).“

2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 2zb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB) kemur eftirfarandi:

„**32017 D 0176:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/176 frá 25. janúar 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna gólfefna úr viði, korki og bambus (Stjútíð. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 44).“

3. Texti liðar 2p (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/564/EB) fellur brott.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti ákvarðana (ESB) 2017/175 og (ESB) 2017/176, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 44.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 36.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 57.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. ESB L 8, 13.1.2010, bls. 32.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.